

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/58/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 36/16/COL frá 9. febrúar 2016 um að fella að hluta til úr gildi ákvörðun 227/04/COL að því er varðar stöðu Íslands varðandi veirublæði (VHS) . . . . .	1
2016/EES/58/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 58/16/COL-D frá 3. mars 2016 um að samþykkja innlendar ráðstafanir stjórnvalda í Noregi til að takmarka áhrif <i>Gyrodactylus salaris</i> og fella úr gildi ákvarðanir 298/08/COL og 299/08/COL . . . . .	2
2016/EES/58/03		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum . . . . .	6
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/58/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8083 – Merck/Sanofi Pasteur MSD) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	7
2016/EES/58/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8102 – Valeo/ FTE Group) . . . . .	8
2016/EES/58/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8151 – Naxicap/ TimePartner) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	9
2016/EES/58/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8200 – Platinum Equity Group/Emerson Network Power Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	10
2016/EES/58/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8220 – Euro Garages/ EFR) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	11

<b>2016/EES/58/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfyllingu fyrirtækja (mál M.8231 – Kuoni Travel Holding/MTS Globe) . . . . .	12
<b>2016/EES/58/10</b>	Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer SA.43014 (16/C) (áður 16/N) – Þýskaland – Aðstoð við REHAU AG + Co . . . . .	13
<b>2016/EES/58/11</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 2016 sem beint er að Markit Limited, Markit Group Holdings Limited, Markit Indices Limited, Markit North America, Inc. og Markit Group Limited („Markit“) um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (Mál AT.39745 – CDS Information Market) . . . . .	13
<b>2016/EES/58/12</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 2016 sem beint er að International Swaps and Derivatives Association, Inc. um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (Mál AT.39745 – CDS Information Market) . . . . .	13
<b>2016/EES/58/13</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um nágildandi vexti á endurheimtu ríkis- aðstoðar og viðmiðunar-/afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki sem gilda frá 1. nóvember 2016. . . . .	14
<b>2016/EES/58/14</b>	Auglýst eftir tillögum samkvæmt árlegri starfsáætlun fyrir árið 2016 og fjármögnun vegna framkvæmdar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu – Flutningastarfsemi . . . . .	15
<b>2016/EES/58/15</b>	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlun til margra ára um styrki á sviði sjóðsins fyrir samtengda Evrópu – Flutningastarfsemi, fyrir tímabilið 2014-2020 . . . . .	15
<b>2016/EES/58/16</b>	Auglýst eftir tillögum – EACEA/37/2016 – Áætlunin Erasmus+, lykilaðgerð 3 – Stuðningur við umbætur á stefnumálum – Samstarf við borgaraleg samtök á sviði æskulýðsstarfs . . . . .	16
<b>2016/EES/58/17</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan rammans um að hrinda í framkvæmd framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 frá 1. október 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/EB að því er varðar orkumerkingar á heimilisofnum og gufugleypum og um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014 frá 14. janúar 2014 varðandi framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB um kröfur um visthönnun á heimilisofnum, eldunarhellum og gufugleypum ( <i>Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlögjöf Sambandsins</i> ) . . . . .	20

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2016/EES/58/01

36/16/COL

frá 9. febrúar 2016

um að fella að hluta til úr gildi ákvörðun 227/04/COL að því er varðar stöðu Íslands varðandi veirublæði (VHS)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 5a í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagar-eldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum („tilskipun 2006/88/EB“),*

með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í d-lið 4. liðar bókunar 1 við EES-samninginn og 2. og 3. mgr. 1. gr. bókunar 1 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 494/13/COL frá 11. desember 2013 um að veita stjórnarmanni, sem hefur sérstök ábyrgðarstörf með höndum á sviði heilbrigðis dýra og plantna, umboð til að taka tilteknar ákvarðanir á því sviði (skjalnr. 683826),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eftirlitsstofnun EFTA hefur viðurkennt, með ákvörðun 227/04/COL, að allt meginland og strendur Íslands séu laus við iðradrep (IHN) og veirublæði (VHS).

Hinn 23. október 2015 tilkynntu stjórnvöld á Íslandi, með því að nota tilkynningakerfi um dýrasjúkdóma, að veirublæði hefði komið upp í villtu hrognkelsi sem er notað til undaneldis á svæðinu Landnamsholf. Frekari upplýsingar um ráðstafanir, sem voru gerðar, voru settar fram í bréfi frá 13. nóvember 2015 (skjalnr. 780869, IS ref. ANR15110004/20.5).

Með hliðsjón af því sem að framan greinir ætti að draga til baka þá stöðu Íslands að það sé laust við veirublæði eins og viðurkennt var með ákvörðun 227/04/COL.

Engar breytingar hafa orðið á stöðu Íslands varðandi iðradrep.

Því er rétt að fella úr gildi ákvörðun 227/04/COL en þó einungis með hliðsjón af stöðu Íslands varðandi veirublæði.

Ákvörðun þessi er í samræmi við álit EFTA-nefndar um heilbrigði dýra og plantna.

SAMÞYKKT ÁKVÖÐUN ÞESSA:

1. Ákvörðun 227/04/COL fellur úr gildi með hliðsjón af stöðu Íslands varðandi veirublæði.
2. Ákvörðun 227/04/COL verður áfram í gildi með hliðsjón af stöðu Íslands varðandi iðradrep.
3. Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2016.

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Helga Jónsdóttir  
Stjórnarmaður

Carsten Zatschler  
Deildarstjóri

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**

**2016/EES/58/02**

**58/16/COL-D**

**frá 3. mars 2016**

**um að samþykkja innlendar ráðstafanir stjórnvalda í Noregi til að takmarka áhrif  
*Gyrodactylus salaris* og fella úr gildi ákvarðanir 298/08/COL og 299/08/COL**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 5a í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagar-  
eldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum  
(„tilskipun 2006/88/EB“),*

með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í d-lið 4. liðar bókanar 1 við EES-samninginn  
og 2. og 3. mgr. 1. gr. bókanar 1 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 494/13/COL frá 11. desember 2013 um að veita  
stjórnarmanni, sem hefur sérstök ábyrgðarstörf með höndum á sviði heilbrigðis dýra og plantna, umboð  
til að taka tilteknar ákvarðanir á því sviði (skjalnr. 683826),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 298/08/COL var komið á fót sjúkdómalausum svæði og viður-  
kenndar viðbótarábyrgðir að því er varðar *Gyrodactylus salaris* í Noregi skv. 13. gr. tilskipunar ráðsins  
91/67/EES um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda  
og -afurða og 5. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB um framkvæmd tilskipunar  
ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í eldisdýrum.
- 2) Stjórnvöldum í Noregi er heimilt, samkvæmt ákvörðun 298/08/COL, að krefjast viðbótarábyrgða  
fyrir vörusendingar af lifandi eldisfiski af smitnæmum tegundum, sem ætlaðar eru til eldis, sem á að  
flytja á sýkt svæði samkvæmt ákvörðuninni. Þessar viðbótarábyrgðir fela í sér kröfu um að þessar  
vörusendingar verða að koma frá svæði með samsvarandi heilbrigðisstöðu og viðtökustaðurinn.
- 3) Tilskipun 2006/88/EB fellir úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins 91/67/EBE. Í tilskipun  
2006/88/EB var einnig kveðið á um að ákvörðun 2004/453/EB ætti að gilda áfram meðan beðið  
væri samþykktar nauðsynlegra ákvæða í samræmi við þá reglugerð. Slík ákvæði voru samþykkt  
með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB sem felldi einnig ákvörðun 2004/453/EB <sup>(1)</sup>  
endanlega úr gildi. Því er rétt að fella úr gildi ákvörðun 298/08/COL og láta aðra koma í hennar stað.
- 4) Í 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að EES-ríki sé heimilt að gera ráðstafanir til að  
hindra að sjúkdómar, sem ekki eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, berist þangað

<sup>(1)</sup> Gerðin sem um getur í 94. lið í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

eða til að verjast þeim þar sem þessir sjúkdómar skapa umtalsverða hættu fyrir heilbrigðisástand lagareldisdýra eða villtra lagardýra í því ríki. Þessar ráðstafanir eiga að vera innan marka þess sem er viðeigandi og nauðsynlegt til að hindra að slíkir sjúkdómar berist inn í ríkið eða til að verjast þeim.

- 5) Stjórnvöldum í Noregi var veittur réttur til að krefjast viðbótarábyrgða samkvæmt ákvörðun 298/08/COL og hafa þau látið Eftirlitsstofnun EFTA í té upplýsingar um stöðu sjúkdómsins að því er varðar *Gyrodactylus salaris*. Stjórnvöld í Noregi lögðu fram uppfærðar upplýsingar, í bréfi frá 6. október 2015 (skjalnr. 775798, NO ref. 2015/193600) um innlendar ráðstafanir sem gerðar höfðu verið vegna *Gyrodactylus salaris*. Upplýsingarnar, sem voru veittar, sýna hversu viðeigandi og nauðsynlegt er að krefjast áfram innlendra ráðstafana í formi krafna um setningu á markað, innflutning og umflutning í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
- 6) Þar eð stjórnvöldum í Noregi var veittur réttur til að krefjast viðbótarábyrgða, í samræmi við ákvörðun 298/08/COL, í tengslum við innflutning á lagareldisdýrum af smitnæmum tegundum inn á viðurkennd sjúkdómalaus svæði eða svæði með viðurkennda eftirlits- og útrýmingaráætlun, ætti að leyfa þeim að halda áfram að beita þessum ráðstöfunum sem innlendum ráðstöfunum sem hafa verið samþykktar í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
- 7) Einungis ætti að beita innlendu ráðstöfunum, sem hafa verið samþykktar samkvæmt þessari ákvörðun, svo fremi að þær séu viðeigandi og nauðsynlegar. Því ættu stjórnvöld í Noregi að senda Eftirlitsstofnun EFTA árlega skýrslu um virkni innlendu ráðstafananna.
- 8) Ef minnsti grunur leikur á að *Gyrodactylus salaris* hafi borist til Noregs, að undanskildum svæðunum sem talin eru upp í viðaukanum við þessa ákvörðun, ætti að rannsaka það og meðan á rannsókninni stendur ætti að beita flutningshömlum til að vernda önnur EES-ríki með viðurkenndar innlendar ráðstafanir varðandi *Gyrodactylus salaris*. Þar að auki, til að greiða fyrir nauðsynlegu endurmati á viðurkenndum innlendum ráðstöfunum, ætti að senda tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA og hinna EES-ríkjanna í hvert sinn sem síðar staðfest sjúkdómstilvik greinast.
- 9) Fyrir skýrleika sakir ætti að fella ákvörðun 298/08/COL úr gildi með ótvíræðum hætti.
- 10) Ennfremur var áætlun stjórnvalda í Noregi um eftirlit með nýrnaveiki og útrýmingu sjúkdómsins viðurkennd með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 299/08/COL. Stjórnvöld í Noregi tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA, með bréfi frá 6. október 2015 (skjalnr. 775798) að áætlun um eftirlit með nýrnaveiki og útrýmingu sjúkdómsins hefði verið hætt. Því er rétt að fella úr gildi ákvörðun 299/08/COL.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit EFTA-nefndar um heilbrigði dýra og plantna.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

#### **Samþykki tiltekinna innlendra ráðstafana til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma sem eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB**

1. Noregur, að undanskildum svæðunum sem skráð eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, skal teljast ósýkt af *Gyrodactylus salaris*.
2. Stjórnvöld í Noregi geta krafist þess að eftirfarandi sendingar, sem eru fluttar inn á sjúkdómalaust svæði, uppfylli kröfurnar í a- og b-lið að því er varðar þau svæði sem teljast ósýkt af *Gyrodactylus salaris*.
  - a) lagareldisdýr sem eru ætluð til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna verða að uppfylla:
    - i. kröfurnar um setningu á markað sem mælt er fyrir um í grein 8a reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,
    - ii. innflutningskröfurnar sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,
    - iii. umflutnings- og geymslukröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,

- b) skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr verða að uppfylla:
- i. innflutningskröfurnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,
  - ii. umflutnings- og geymslukröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008.

2. gr.

#### Skýrsla

1. Eigi síðar en 30. apríl ár hvert skulu stjórnvöld í Noregi leggja skýrslu fyrir Eftirlitsstofnun EFTA um samþykktu, innlendu ráðstafanirnar sem um getur í 1. gr.
2. Skýrslurnar, sem kveðið er á um í 1. gr., skulu samrýmast kröfunum í 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB.

3. gr.

#### Grunur um og greining sjúkdóma á sjúkdómalausum svæði

1. Ef stjórnvöld í Noregi grunar að sjúkdómur hafi komið upp á svæði, sem er skráð sem ósýkt af *Gyrodactylus salaris*, skulu þau a.m.k. gera sambærilegar ráðstafanir og þær sem mælt er fyrir um í 28. gr. 2., 3. og 4. mgr. 29. gr. og 30. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
2. Ef greining sjúkdómsins, sem um getur í 1. mgr., er staðfest með dýrafaraldsfræðilegri rannsókn skulu stjórnvöld í Noregi tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og hinum EES-rikjunum og um allar aðrar ráðstafanir, sem eru gerðar, til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins og verjast honum.

4. gr.

#### Felldar úr gildi

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA 298/08/COL og 299/08/COL falla úr gildi.

5. gr.

#### Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

Gjört í Brussel 3. mars 2016.

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Helga Jónsdóttir  
Stjórnarmaður

fyrir hönd Carsten Zatschler  
Deildarstjóri

## VIÐAUKI

Sýkt vatnasvið	Fylki
Skibotnelva	Tromsfylki
Signaldalselva	Tromsfylki
Kitdalselva	Tromsfylki
Ranaelva	Norðurland
Leirelva	Norðurland
Ranelva	Norðurland
Drevja	Norðurland
Fusta	Norðurland
Vefsna	Norðurland
Hundála	Norðurland
Halsanelva	Norðurland
Hestdalselva	Norðurland
Dagsvikelva	Norðurland
Nylandselva	Norðurland
Batnfjordselva	Mæri og Raumsdalur
Driva	Mæri og Raumsdalur
Litledalselva	Mæri og Raumsdalur
Usma (Øksendalselva)	Mæri og Raumsdalur
Henselva	Mæri og Raumsdalur
Rauma	Mæri og Raumsdalur
Innfjordelva	Mæri og Raumsdalur
Skorga	Mæri og Raumsdalur
Mána (Måndalselva)	Mæri og Raumsdalur
Breidvikelva	Mæri og Raumsdalur
Lærdalselva	Sogn- og Firðafylki
Drammenselva	Buskerud
Lierelva	Buskerud
Vesleelva (Sandeelva)	Vestfold

## Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2016/EES/58/03

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	27. apríl 2016
Málsnúmer	78783
Ákvörðun	085/16/COL
EFTA-ríki	Noregur
Fyrirsögn	Reglur um skattaendurgreiðslur vegna áhafna
Lagagrundvöllur	Reglugerð 2016-02-26-204 um endurgreiðslur vegna áhafna
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Sjóflutningar
Aðstoðarform	Endurgreiðslur á skatti og almannatryggingagjöldum
Fjárveiting	Frá mars til desember 2016: 1 892 milljónir NOK. Næstu ár þar eftir gildir aðstoðarkerfið um alla 12 mánuði ársins.
Gildistími	10 ár frá 1. mars 2016 til 28. febrúar 2026
Atvinnugreinar	Sjóflutningar
Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:	Sjöfartsdirektoratet, P.O.Box 2222 NO-5509 Haugesund, Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.



# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/58/04

(mál M.8083 – Merck/Sanofi Pasteur MSD)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. október 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Merck & Co., Inc. („Merck“), öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Sanofi Pasteur MSD SNC („SPMSD“), sem lýtur sem stendur sameiginlegum yfirráðum Merck og Sanofi Pasteur S.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Merck: fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu með starfsemi um heim allan á lyfjasviði, þ.m.t. bóluefni og meðferð við sykursýki og krabbameini, einnig á sviði bráðaumönnunar á sjúkrahúsum, heilbrigðis dýra, með bandalögum og heilsugæsluþjónustu.
  - SPMSD: þróun og verslun með bóluefni ætlað mönnum í 18 ríkjum innan EES.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 382, 15.10.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8083 – Merck/Sanofi Pasteur MSD og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8102 – Valeo/FTE Group)**

2016/EES/58/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Valeo Holding GmbH, sem lýtur yfirráðum franska fyrirtækisins Valeo S.A. („Valeo“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu FTE Group Holding („FTE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Valeo: hönnun, framleiðsla og sala á búnaði fyrir bíla, einkum og sér í lagi varmakerfi, aflrásakerfi, þæginda- og aksturshjálparkerfi og skyggikerfi.
  - FTE: hönnun, framleiðsla og sala á i. búnaði sem virkjar kúplingu, ii. bremsubúnaði, iii. rafknúnum gírolíudælum og öðrum íhlutum fyrir girkassa og aflrásakerfi sem byggist á rafvökva-tækni. FTE er einnig með starfsemi á sviði endurframleiðslu á diskhemlasköfum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 382, 15.10.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8102 – Valeo/FTE Group og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8151 – Naxicap/TimePartner)**

2016/EES/58/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. október 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Naxicap Partners („Naxicap“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í gegnum belgískt fyrirtæki sem er óbeint í eignasafni, The House of HR II NV („THOHR“), í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu TimePartner GmbH („TimePartner“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - NAXICAP: framtakssjóður með eignasöfn fyrirtækja sem einkum starfa í Evrópu, þar sem THOHR og dótturfélög þess veita ráðningarþjónustu, m.a. í Belgíu, Hollandi og Þýskalandi.
  - TimePartner: veitir ráðningarþjónustu í Þýskalandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 385.19.10.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni – M.8151 – Naxicap/TimePartner og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/58/07****(mál M.8200 – Platinum Equity Group/Emerson Network Power Business)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. október 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Platinum Equity Group („Platinum“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Emerson Network Power Business („ENP“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Platinum: sérhæfing í samruna, kaupum og starfrækslu fyrirtækja sem veita þjónustu og bjóða lausnir fyrir viðskiptavinum í margvíslegum fyrirtækjum, m.a. í upplýsingatækni, fjarskiptum, birgðastjórnun, málmþjónustu, framleiðslu og dreifingu.
  - ENP: býður vörur sem tengjast stýringu aflkerfa, varmakerfa og innviðum ásamt tengdri þjónustu um heim allan. Vörur tengdar stýringu aflkerfa fela m.a. í sér aflkerfi fyrir þýðingarmikla notkun og órofin aflkerfi. Vörur sem tengjast stýringu varmakerfa gera mögulega orkunýtna, áreiðanlega og kostnaðarhagkvæma stjórnun umhverfisþátta í aðstöðu eða stöðvum sem veita ómissandi þjónustu. Lausnir og stjórnun innviða felur í sér alhliða veitu- og mannvirkjastjórnunarkerfi fyrir gagnamiðstöðvar og varða bæði hugbúnað og upplýsingatæknibúnað.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 384, 18.10.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8200 – Platinum Equity Group/Emerson Network Power Business og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8220 – Euro Garages/EFR)**

2016/EES/58/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Euro Garages Ltd („Euro Garages“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu EFR Group B.V. („EFR“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Euro Garages: rekur bensinstöðvar, þægindaverslanir, bílaþvottastöðvar og hraðréttastaði í Bretlandi.
  - EFR: rekur bensinstöðvar, þægindaverslanir, bílaþvottastöðvar, bakarí og hótél í Belgíu, Frakklandi, Lúxemborg og Hollandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 386, 20.10.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8220 – Euro Garages/EFR, á eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8231 – Kuoni Travel Holding/MTS Globe)**

2016/EES/58/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. október 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið Kuoni Travel Holding Ltd. („Kuoni“), sem lýtur yfirráðum EQT VII, sem er hluti af EQT samsteypu fjárfestingasjóða í einkafyrirtækjum, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu MTS Globe of Spain.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Kuoni: þjónustuveitandi ferðaþjónustuaðila og stjórnvalda um heim allan. Fyrirtæki í eignasafni EQT eru virk í margvíslegum atvinnuvegum og stýrir einn af sjóðum þess hótelleðjunnar Scandic Hotel Groups, sem er einkum með rekstur í Norður-Evrópu.
  - MTS Globe: þjónustuveitandi ferðaþjónustu á Miðjarðarhafssvæðinu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 385.19.10.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8231 – Kuoni Travel Holding/MTS Globe og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu** **2016/EES/58/10**

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Tilkynning afturkölluð**

**Málsnúmer SA.43014 (16/C) (áður 16/N) – Þýskaland – Aðstoð við REHAU AG + Co**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð sem stofnað var til 13. júní 2016 í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með vísan til þess að stjórnvöld í Þýskalandi afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 24. júní 2016 og áforma ekki framhald á þessu aðstoðarverkefni.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 2016 sem beint er að Markit Limited, Markit Group Holdings Limited, Markit Indices Limited, Markit North America, Inc. og Markit Group Limited („Markit“) um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins** **2016/EES/58/11**

**(Mál AT.39745 – CDS Information Market)**

Hinn 20. júlí 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Framkvæmdastjórnin hefur nú, í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 <sup>(1)</sup>, birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar (Stjtið. ESB C 378, 14.10.2016, bls. 3), að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 2016 sem beint er að International Swaps and Derivatives Association, Inc. um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins** **2016/EES/58/12**

**(Mál AT.39745 – CDS Information Market)**

Hinn 20. júlí 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Framkvæmdastjórnin hefur nú, í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 <sup>(1)</sup>, birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar (Stjtið. ESB C 378, 14.10.2016, bls. 7), að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um nógildandi vexti á endurheimtu  
ríkisaðstoðar og viðmiðunar-/afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki sem gilda  
frá 1. nóvember 2016**

2016/EES/58/13

*(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004  
frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))*

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtið ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðunarvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 er mælt fyrir um að sé ekki kveðið á um annað í sérstakri ákvörðun skuli endurkröfuvextir einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina.

Breytingar á vöxtum eru feitletraðar.

Fyrri tafla birtist í Stjtið. ESB C 339, 16.9.2016, bls. 3 og EES-viðbæti nr. 51, 22.9.2016, bls. 41.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL	
1.1.2016	31.1.2016	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	<b>1,63</b>	<b>0,12</b>	<b>0,46</b>	<b>0,12</b>	<b>0,36</b>	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	
1.2.2016	29.2.2016	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	1,63	<b>0,09</b>	0,46	<b>0,09</b>	0,36	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	
1.3.2016	31.3.2016	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	1,63	<b>0,06</b>	0,46	<b>0,06</b>	0,30	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	
1.4.2016	30.4.2016	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	<b>1,19</b>	<b>0,03</b>	0,46	<b>0,03</b>	0,30	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	
1.5.2016	31.5.2016	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	<b>1,00</b>	<b>0,01</b>	0,46	<b>0,01</b>	0,30	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	
1.6.2016	30.6.2016	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	1,00	<b>-0,01</b>	0,46	<b>-0,01</b>	0,30	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	
1.7.2016	31.7.2016	-0,01	-0,01	<b>0,79</b>	-0,01	0,46	-0,01	0,30	-0,01	-0,01	
1.8.2016	31.8.2016	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	0,79	<b>-0,02</b>	0,46	<b>-0,02</b>	<b>0,24</b>	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	
1.9.2016	30.9.2016	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	0,79	<b>-0,03</b>	0,46	<b>-0,03</b>	<b>0,21</b>	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	
1.10.2016	31.10.2016	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	0,79	<b>-0,04</b>	0,46	<b>-0,04</b>	<b>0,16</b>	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	
1.11.2016	–	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	0,79	<b>-0,05</b>	0,46	<b>-0,05</b>	0,16	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	
Frá	Til	ES	FI	FR	HR	HU	IE	IT	LT	LU	
1.1.2016	31.1.2016	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	<b>1,92</b>	<b>1,37</b>	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	
1.2.2016	29.2.2016	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	1,92	1,37	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	
1.3.2016	31.3.2016	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	1,92	1,37	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	
1.4.2016	30.4.2016	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	<b>1,50</b>	1,37	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	
1.5.2016	31.5.2016	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	1,50	1,37	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	
1.6.2016	30.6.2016	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	<b>1,18</b>	1,37	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	
1.7.2016	31.7.2016	-0,01	-0,01	-0,01	1,18	<b>1,08</b>	-0,01	-0,01	-0,01	-0,01	
1.8.2016	31.8.2016	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	1,18	1,08	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	
1.9.2016	30.9.2016	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	1,18	1,08	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	
1.10.2016	31.10.2016	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	1,18	<b>0,91</b>	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	
1.11.2016	–	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	1,18	0,91	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	
Frá	Til	LV	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2016	31.1.2016	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	<b>1,83</b>	<b>0,12</b>	<b>1,65</b>	<b>-0,22</b>	<b>0,12</b>	<b>0,12</b>	<b>1,04</b>
1.2.2016	29.2.2016	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	1,83	<b>0,09</b>	1,65	-0,22	<b>0,09</b>	<b>0,09</b>	1,04
1.3.2016	31.3.2016	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	1,83	<b>0,06</b>	1,65	-0,22	<b>0,06</b>	<b>0,06</b>	1,04
1.4.2016	30.4.2016	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	1,83	<b>0,03</b>	<b>1,40</b>	-0,22	<b>0,03</b>	<b>0,03</b>	1,04
1.5.2016	31.5.2016	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	1,83	<b>0,01</b>	1,40	<b>-0,26</b>	<b>0,01</b>	<b>0,01</b>	1,04
1.6.2016	30.6.2016	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	1,83	<b>-0,01</b>	1,40	-0,26	<b>-0,01</b>	<b>-0,01</b>	1,04
1.7.2016	31.7.2016	-0,01	-0,01	-0,01	1,83	-0,01	<b>1,18</b>	<b>-0,31</b>	-0,01	-0,01	1,04
1.8.2016	31.8.2016	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	1,83	<b>-0,02</b>	1,18	-0,31	<b>-0,02</b>	<b>-0,02</b>	1,04
1.9.2016	30.9.2016	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	1,83	<b>-0,03</b>	1,18	-0,31	<b>-0,03</b>	<b>-0,03</b>	1,04
1.10.2016	31.10.2016	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	1,83	<b>-0,04</b>	1,18	<b>-0,36</b>	<b>-0,04</b>	<b>-0,04</b>	<b>0,84</b>
1.11.2016	–	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	1,83	<b>-0,05</b>	1,18	-0,36	<b>-0,05</b>	<b>-0,05</b>	0,84



**Auglýst eftir tillögum samkvæmt árlegri starfsáætlun fyrir árið 2016  
og fjármögnun vegna framkvæmdar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu –  
Flutningastarfsemi**

2016/EES/58/14

*(Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016) 6380 <sup>(1)</sup> um breytingu á  
framkvæmdarákvörðun C(2016) 1775)*

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðalskrifstofa samgangna og flutninga, auglýsir hér með eftir tveimur tillögum í því skyni að veita styrki til verkefna í samræmi við forgangssvið og markmið sem skilgreind eru í árlegri vinnuáætlun fyrir 2016 og fjármögnun vegna framkvæmdar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu – Flutningastarfsemi:

- CEF-Transport-2016-AP-Cohesion envelope (framlag til samheldni), áætluð fjárhæð til ráðstöfunar er 250 milljónir evra
- CEF-Transport-2016-AP-General envelope (almennt framlag), áætluð fjárhæð til ráðstöfunar er 190 milljónir evra.

Frestur til að skila inn tillögum er til **7. febrúar 2017**.

Heildartexta auglýsingarinnar eftir tillögum er að finna á slóðinni:

<https://ec.europa.eu/inea/en/connecting-europe-facility/cef-transport/apply-funding/2016-cef-transport-calls-proposals>

**Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlun til margra ára um styrki á sviði  
sjóðsins fyrir samtengda Evrópu – Flutningastarfsemi, fyrir tímabilið 2014-2020**

2016/EES/58/15

*(Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016) 6388 <sup>(2)</sup> um breytingu á  
framkvæmdarákvörðun C(2014) 1921)*

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðalskrifstofa samgangna og flutninga, auglýsir hér með eftir tveimur tillögum í því skyni að veita styrki til verkefna í samræmi við forgangssvið og markmið sem skilgreind eru í árlegri vinnuáætlun fyrir styrki á sviði sjóðsins fyrir samtengda Evrópu – Flutningastarfsemi:

- CEF-Transport-2016-MAP-Cohesion envelope (framlag til samheldni), áætluð fjárhæð til ráðstöfunar er 849,5 milljónir evra,
- CEF-Transport-2016-MAP-General envelope (almennt framlag), áætluð fjárhæð til ráðstöfunar er 650 milljónir evra.

Frestur til að skila inn tillögum er til **7. febrúar 2017**.

Texta auglýsingarinnar eftir tillögum er að finna í heild sinni á slóðinni:

<https://ec.europa.eu/inea/en/connecting-europe-facility/cef-transport/apply-funding/2016-cef-transport-calls-proposals>

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016) 6380 frá 7. október 2016 um breytingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016) 1775 um að stofna árlega vinnuáætlun 2016 og um styrki á sviði sjóðsins um samtengda Evrópu – Flutningastarfsemi, fyrir tímabilið 2014-2020.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016) 6388 frá 7. október 2016 um breytingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2014) 1921 um að stofna vinnuáætlun 2014 til margra ára um styrki á sviði sjóðsins um samtengda Evrópu – Flutningastarfsemi, fyrir tímabilið 2014-2020.

## Auglýst eftir tillögum – EACEA/37/2016

2016/EES/58/16

## Áætlunin Erasmus+, lykilaðgerð 3 – Stuðningur við umbætur á stefnumálum

## Samstarf við borgaraleg samtök á sviði æskulýðsstarfs

## INNGANGUR

Samstarf við borgaraleg samtök á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs er mikilvægt til þess að þau telji sig eiga hlutdeild í stefnumótun á sviði símenntunar og til að taka tillit til hugmynda og áhyggna hagsmunaaðila á öllum stigum. Mikilvægt er að efla vitund um stefnumörkun Evrópu fyrir 2020 um eflingu hagvaxtar og atvinnu, stefnumörkun í evrópsku samstarfi um menntun og þjálfun („ET2020“), sérstök stefnumið eins og Bologna-ferlið í æðri menntun eða Brugge-Kaupmannahafnarferlið um starfsmenntun og starfsþjálfun, svo og um æskulýðsstarf ESB. Samstarf þetta er mikilvægt til að tryggja virka þátttöku hagsmunaaðila í að hrinda í framkvæmd umbótum á stefnumálum í einstökum löndum, til að stuðla að þátttöku þeirra í áætluninni Erasmus+ og öðrum evrópskum áætlunum og til að miðla niðurstöðum stefnumörkunar og áætlunarinnar, svo og góðum starfsvenjum, fyrir tilstilli víðtækra aðildarneta sinna.

## 1. MARKMIÐ

Tilgangurinn með þessari auglýsingu er að veita skipulagsaðstoð, sem vísað er til sem rekstrarstyrks, til frjálsra, evrópskra félagsamtaka og neta innan ESB sem eru virk á sviði æskulýðsstarfs og hafa eftirfarandi almenn markmið:

- að efla vitund hagsmunaaðila um evrópsk stefnumið á sviði æskulýðsstarfs, einkum um æskulýðsstarf ESB,
- að efla staðfestu og samstarf hagsmunaaðila við opinber yfirvöld um að hrinda í framkvæmd stefnumiðum og umbótum á sviði æskulýðsstarfs, svo sem um landsbundin tilmæli sem voru gefin út í tengslum við evrópska skipulagstímabilið,
- að ýta undir þátttöku hagsmunaaðila á sviði æskulýðsstarfs,
- að ýta undir þátt hagsmunaaðila í að breiða út stefnumið og áætlanaaðgerðir og niðurstöður og góða starfshætti meðal aðildarfélaga sinna og annarra.

Markmið þessi skulu vera greinilegur hluti starfsáætlana, starfsemi og starfsáfanga umsóknarstofnananna.

Þá verður ætlast til þess að starfsemi stofnana á sviði æskulýðsstarfs, sem munu hljóta stuðning samkvæmt þessari auglýsingu, miði að því:

- að stuðla að ráðningarhæfi ungs fólks, einkum með starfsemi sem hlúir að þróun færni og kunnáttu með óformlegri menntun,
- að hlúa að auknum áhrifum ungmenna í samfélaginu og hlúa að þátttöku þeirra í ákvarðanatökuferlinu,
- að stuðla að persónulegri, félags- og menntunarlegri og starfstengdri þróun ungmenna í Evrópu,
- að stuðla að þróun ungmenna í atvinnulífinu á evrópska, lands-, svæðis og staðarvísu,
- að stuðla að umræðu um mótun stefnumála sem hafa áhrif á ungmenni og ungmennasamtök á evrópska, lands, svæðis- eða staðarvísu,
- að stuðla að þekkingu á mismunandi menningarsvæðum, virðingu fyrir fjölbreytni og gildum samheldni, jafna tækifæra og mannréttinda meðal ungmenna í Evrópu,
- að stuðla að þátttöku ungmenna sem fá færri tækifæri í samfélaginu,
- að stuðla að framkvæmd yfirlýsingarinnar um að stuðla að borgararétti og sameiginlegum gildum um frelsi, umburðarlyndi og banni gegn mismunun fyrir tilstilli menntunar, sem var samþykkt í París 17. mars 2015 <sup>(1)</sup>, t.d. með því að samþætta starf að eflingu samfélagslegrar menntunar, samræðu mismunandi menningarsvæða og þátttöku í lýðræðissamfélagi í vinnuáætlunum sínum,
- að stuðla að framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar um ríkisborgara þriðju landa sem var samþykkt 7. júní 2016 með því að hefja og stuðla að verkefnum sem fjalla um aðlögun ungmenna af innflytjendaættum að gístisamfélaginu, m.a. nýrra innflytjenda.

<sup>(1)</sup> Auk „Parisaryfirlýsingarinnar“ ættu æskulýðssamtök að taka mið af niðurstöðum ráðsins „um hlutverk æskulýðsstarfs í samþættri og þverlægri nálgun við forvarnir og baráttu gegn því að ofbeldisfull röttækni verði til hjá ungmennum“, sem framkvæmdastjórnin samþykkti 30. maí 2016, og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „um stuðning við forvarnir gegn því að röttækni leiði til ofbeldisfullrar öfgahyggju“, sem var samþykkt 14. júní 2016.

## 2. HLOTGENGI

### 2.1. Hlutgengir umsækjendur

Þessi auglýsing er opin tvenns konar samtökum: evrópskum, frjálsum félagasamtökum (ENGO) og netum innan ESB (óformleg net).

Eftirfarandi skilgreiningar gilda í tengslum við samstarf við borgaraleg samtök á sviði æskulýðsstarfs:

*Flokkur 1: Evrópsk, frjáls félagasamtök (ENGO) verða:*

- að starfa samkvæmt formlega viðurkenndri gerð, sem samanstendur af a) evrópskum aðila/skrifstofu (umsækjandanum) sem hefur haft lagalega staðfestu í að minnsta kosti eitt ár í hlutgengu landi daginn sem umsóknin er send inn og b) landsbundnum samtökum/útibúum í að minnsta kosti 12 hlutgengum löndum með lagaleg tengsl við evrópskan aðila/skrifstofu,
- að starfa á sviði æskulýðsstarfs og stuðla með starfsemi sinni að framkvæmd athafnasviða æskulýðsstefnu ESB,
- að fá ungmenni til að taka þátt í stjórnun og stjórnunarháttum samtakanna.

*Flokkur 2: Net innan ESB (óformlegt net) verður:*

- að samanstanda af lagalega sjálfstæðum samtökum, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni og starfa á sviði æskulýðsstarfs og stuðla með starfsemi sinni að framkvæmd athafnasviða æskulýðsstefnu ESB,
- að vera rekið samkvæmt óformlegum stjórnunarháttum og samanstanda af a) samtökum sem hafa haft lagalega staðfestu, í að minnsta kosti eitt ár daginn sem umsóknin er send inn, í hlutgengu landi sem samþættar og styður við netið á evrópskum vettvangi (umsækjandinn), og b) öðrum samtökum með staðfestu í að minnsta kosti 12 hlutgengum löndum,
- að fá ungmenni til að taka þátt í stjórnun og stjórnunarháttum netsins.

### 2.2. Hlutgeng ríki

Tekið verður við umsóknum frá lögaðilum í eftirtöldum ríkjum:

- aðildarríkjum Evrópusambandsins: Austurríki, Belgíu, Bretlandi, Búlgaríu, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi,
- þeim aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES): Íslandi, Liechtenstein og Noregi,
- umsóknarríkjum sem njóta áætlunar um slík ríki, í samræmi við þau grundvallarsjónarmið og þá almennu skilmála sem mælt er fyrir um í rammasamningum sem gerðir hafa verið við þessi ríki með tilliti til þátttöku þeirra í áætlunum Evrópusambandsins: Makedóníu, fyrrum Lýðveldi í Júgóslavíu, og Tyrklandi.

## 3. STARFSEMI

Umsækjendur verða að leggja fram samræmda vinnuáætlun þar sem fara saman starfsemi sem er ekki í hagnaðarskyni og starfsemi sem ungmenni leiða og er til þess fallin að ná markmiðum auglýsingarinnar. Einkum:

- nám utan hefðbundins skólakerfis og óformlegt nám og starfsemi fyrir ungmenni og umsjónarmenn æskulýðsstarfs,
- starfsemi til að efla gæði æskulýðsstarfs,
- starfsemi vegna þróunar og til að stuðla að viðurkenningu og gagnsæi á sviði æskulýðsstarfs,
- málþing, fundir, vinnustofur, samráð, umræður ungmenna um stefnu í æskulýðsmálum og/eða evrópskum málefnum,
- samráð við ungmenni sem verður hluti af skipulegum samræðum á sviði æskulýðsstarfs,
- starfsemi til að stuðla að virkri þátttöku ungmenna í lýðræðisstarfi,
- starfsemi til að stuðla að þekkingu á mismunandi menningarsvæðum og skilningi í Evrópu,
- fjölmiðlar og samskiptastarfsemi og tæki sem varða æskulýðsstarf og evrópsk málefni.

Hvorki landsbundnar Erasmus+ skrifstofur né samtök þar sem aðilar eru að miklum meirihluta (2/3 eða meira) landsbundnar Erasmus+ skrifstofur teljast hlutgeng samtök samkvæmt þessari auglýsingu.

#### 4. TILHÖGUN FJÁRMÖGNUNAR

Auglýsing þessi eftir tillögum veitir tækifæri til að sækja um árlega rekstrarstyrki.

Árlegir rekstrarstyrkir beinast að skammtíma samstarfi á evrópska vísu. Umsóknir verða að fela í sér nákvæma 12 mánaða starfsáætlun (árlega starfsáætlun) fyrir árið 2017, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að unnt sé að reikna út styrkinn.

Heildarfjárveiting til samvinnu við borgarleg samtök á sviði æskulýðsstarfs á árinu 2017 er 3 800 000 evrur og skiptist sem hér segir:

- **3 200 000 evrur** – ætlaðar styrkþegum sem undirrituðu samninga um samstarf við borgaraleg samtök á sviði æskulýðsstarfs á árinu 2015 og eru því ekki með í þessari auglýsingu,
- **600 000 evrur** – fyrir umsækjendur sem leggja fram tillögur um árlegan rekstrarstyrk samkvæmt þessari auglýsingu.

Árlegur rekstrarstyrkur getur hæstur orðið 35 000 evrur.

Ábending:

- aðilar í flokki 1 (evrópsk, frjáls félagasamtök) sem sinna eingöngu æskulýðsstarfi munu fá um 70% fjárveitingarinnar sem er til ráðstöfunar,
- aðilar í flokki 1 (evrópsk, frjáls félagasamtök) sem sinna fleiri málaflokkum en sinna einnig æskulýðsstarfi munu fá um 10% fjárveitingarinnar sem er til ráðstöfunar,
- aðilar í flokki 2 (net í ESB) sem sinna eingöngu æskulýðsstarfi munu fá um 20% fjárveitingarinnar sem er til ráðstöfunar.

Frankvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

#### 5. VIÐMIÐ VIÐ ÚTHLUTUN

Styrkhæfar umsóknir verða metnar til stiga samkvæmt eftirtöldum viðmiðum <sup>(2)</sup>:

- mikilvægi (hámark 30 punktar),
- gæði útfærslu og framkvæmdar starfsáætlunarinnar (hámark 20 punktar),
- lýsing, fjöldi þátttakenda og landa sem koma að starfseminni (hámark 20 punktar),
- áhrif, útbreiðsla og sjálfbærni (hámark 30 punktar).

Til þess að tillögur komi til greina við fjármögnun verða þær að fá:

- að minnsta kosti 60 punkta í heild, og
- að minnsta kosti helming hámarkspunktafjölda í hverju úthlutunarviðmiði hér að ofan (15 punkta fyrir viðmiðin „mikilvægi“ og „áhrif, útbreiðsla og sjálfbærni“, 10 punkta fyrir viðmiðin „gæði útfærslu og framkvæmdar starfsáætlunarinnar“ og „lýsing, fjöldi þátttakenda og landa sem koma að starfseminni“).

#### 6. TILHÖGUN UMSÓKNA

Umsóknir verður að senda á rafrænu eyðublaði (eForm).

Rafræna eyðublaðið er að finna á ensku, frönsku og þýsku á eftirfarandi vefslóð:

[http://eacea.ec.europa.eu/documents/eforms\\_en](http://eacea.ec.europa.eu/documents/eforms_en)

og skal það vera rétt útfyllt á einu hinna opinberu tungumála Evrópusambandsins.

<sup>(2)</sup> Um nánari upplýsingar um úthlutunarviðmiðin er vísað til 9. kafla leiðbeininganna fyrir umsækjendur.

Rétt útfyllt rafrænt umsóknareyðublað verður að senda inn með rafrænum hætti fyrir kl. 12 hinn **29. nóvember 2016** (á hádegi að Brussel-tíma), ásamt viðeigandi fylgiskjali <sup>(3)</sup>:

1. Yfirlýsing að viðlögðum drengskap

Sami frestur gildir um önnur lögbundin fylgiskjöl <sup>(4)</sup> sem skal senda framkvæmdastofnuninni með tölvupósti.

## 7. NÁNARI UPPLÝSINGAR

Umsóknir verða að vera í samræmi við ákvæði sem er að finna í leiðbeiningum fyrir umsækjendur vegna auglýsingar eftir tillögum EACEA/37/2016 og er þær að finna á eftirfarandi slóð:

[https://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/key-action-3-%E2%80%93-support-for-policy-reform-civil-society-cooperation-in-field-youth-eacea372016\\_en](https://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/key-action-3-%E2%80%93-support-for-policy-reform-civil-society-cooperation-in-field-youth-eacea372016_en)

<sup>(3)</sup> Önnur stjórnsýsluskjöl sem gerð er krafa um í leiðbeiningunum fyrir umsækjendur ber að senda með tölvupósti til framkvæmdastofnunar menntamála, hljóð- og myndmiðlunar og menningar í síðasta lagi 29. nóvember 2016 (á hádegi að Brussel-tíma) á eftirfarandi netfang: [EACEA-YOUTH@ec.europa.eu](mailto:EACEA-YOUTH@ec.europa.eu).

<sup>(4)</sup> Um nánari upplýsingar um fylgiskjölin sem senda ber er vísað til 14. kafla leiðbeininganna fyrir umsækjendur.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan rammans um að hrinda í framkvæmd framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 frá 1. október 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/EB að því er varðar orkumerkingar á heimilisofnum og gufugleypum og um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014 frá 14. janúar 2014 varðandi framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB um kröfur um vishönnun á heimilisofnum, eldunarhellum og gufugleypum**

2016/EES/58/17

*(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlöggjöf Sambandsins)*

Evrópsk staðla-samtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Birtist fyrst í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi
Cenelec	EN 60350-1:2013 Rafmagnseldunartæki til heimilisnota – Hluti 1: Eldavélar, ofnar, gufuofnar og grill – Aðferðir til að mæla getu IEC 60 IEC 60350-1:2011 (Breytt)	10.7.2015	
	EN 60350-1:2013/A11:2014	10.7.2015	Athugasemd 3
Cenelec	EN 61591:1997 Gufugleypar og annar búnaður til ræstingar á eldhúslöfti – Aðferðir til að mæla getu IEC 61591:1997	10.7.2015	
	EN 61591:1997/A1:2006 IEC 61591:1997/A1:2005	10.7.2015	Athugasemd 3
	EN 61591:1997/A11:2014	14.10.2016	Athugasemd 3
	EN 61591:1997/A12:2015	14.10.2016	Athugasemd 3
	EN 61591:1997/A2:2011 IEC 61591:1997/A2:2010	10.7.2015	Athugasemd 3

Fullgera þarf þennan staðal til þess að þau lagaskilyrði sem hann á að taka til komi skýrt fram.

<sup>(1)</sup> Evrópsk staðlasamtök:

- CEN: Avenue Marnix 17, B-1000, Brussels, sími +32 (0)25 50 08 11, bréfasími +32 (0)25 50 08 19 (<http://www.cen.eu>)
- CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000, Brussels, sími +32 (0)25 19 68 71, bréfasími +32 (0)25 19 69 19 (<http://www.cenelec.eu>)
- ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, sími +33 492 94 42 00, bréfasími +33 493 65 47 16 (<http://www.etsi.eu>)

- Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.
- Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.
- Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.
- Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar gildir óbreytt að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.
- Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dálkur), er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.

*Athugið:*

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja, en skrá yfir þær birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins samkvæmt 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 <sup>(1)</sup>.
- Evrópsk staðlasamtök gefa samhæfða staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti samhæfðra staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-skrifstofan ábyrgjast ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, séu rétt.
- Vísanir til leiðréttinga „.../AC:YYYY“ eru eingöngu birtar í upplýsingaskyni. Með leiðréttingu eru ásláttarvillur, málvillur eða sambærilegar villur fjarlægðar úr texta staðals og kann hún að tengjast útgáfu staðals, sem evrópsk staðlasamtök hafa samþykkt, á einu eða fleiri tungumálum (ensku, frönsku og/eða þýsku).
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samhæfða staðla og aðra evrópska staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð: [http://ec.europa.eu/growth/single-market/european-standards/harmonised-standards/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/growth/single-market/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm)

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.